

# M U T E S

## MÁLLAUSIR KJARNAR

Í skáldsögu sinni *Tabúlarasa*, sem kom út árið 1993, skrifaði Sigurður Guðmundsson (f. 1942) um „eimúð viðhorf og mállausa kjarna“. Yfirskrift þessarar sýningar á nýjum verkum Sigurðar í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi er *Mutes* sem er fleirtalan af enska orðinu *mute* og Sigurður þýðir sem Mállausir kjarnar. Þegar Sigurður var spurður um heitið sagðist hann hafa komist að því að tungumál séu blind, hafi engin augu, og að hann hefði gjarnan viljað láta það koma fram í skáldsögunni, sem fjallar að einhverju leyti um orðræðu listamanns við tungumálið, að myndlistin sé mállaus, hafi hvorki munn né eyru, einungis augu.

Hér notar Sigurður aftur ljósmyndina sem miðil, en það hefur hann ekki gert síðan 1980. Nýju verkin eru stórar ljósmyndir af fólki, teknar á filmu. Þeim hefur ekki verið breytt með stafrænni tækni og lýsa því þeirri sýn sem blasti við Sigurð. Persónurnar eru andspænis áhorfandanum en virðast þó ómeðvitaðar um að til þeirra kunni að sjást. Það væri villandi að segja að fólkið sé áhugalaust eða tilfinningalega hlutlaust. Öllu heldur beinir það sjónum inn á við, hefur dregið sig í hlé frá umheiminum og sökkt sér í ihugun, bæn eða aðra innri iðju.

Sigurður sækist eftir að fanga raunverulega upplifun þeirra sem hann hefur fengið til að sitja fyrir. Í verkum sem bera yfirskriftina *Hypno* notar hann dáleistu til að ná þessu markmiði. *Hypno: Balloon Flying* sýnir dáleidda konu sem stendur við stólbak í stofu en upplifir að hún svifi í loftbelg og sjái yfir skóga og akurlendi sem henni þykir fagurt. Það sem myndin sýnir er uppnuminn áhugi og hrifning konunnar, allt áreiti sem kann að stafa frá ljósmyndatökunni er horfið úr meðvitund hennar. Nokkur verkanna sýna sanna upplifun trúarlegar sannfæringar. Verkið *Prayer* sýnir mann sem er sannfærður um að hann nái sambandi við guð í gegnum bænir. Myndin er tekin þegar maðurinn gefur til kynna að hann hafi náð fullu sambandi. Verkin sýna hugarástand, hinir dáleiddu eru ómeðvitaðir um umhverfi sitt og bænafolkíð svo gagntekið af trúarhrifningu að það virðist hafið upp á annað tilverustig, víðsfjarri ríki ljósmyndarans.

Tvö verk greina sig frá hinum að því leyti að á þeim eru yfirsæturnar gagnteknar af hlut. Það eru *Five Males and an Egg* og *Man-Horse-Egg* sem er nærmynd af nöktum manni sem situr berbakt á hesti. Maður og hestur einblina á glóandi egg. Athyglin sem eggíð nýtur – á þessum ljósmyndum er allsráðandi og útilokar allt annað í umhverfinu. Þessi verk minna um margt á eldri ljósmyndir Sigurðar, upplýst eggíð kallar fram dýpri merkingu en návist þess ein og sér gefur til kynna. Eggíð er ekki auðskilið tákn en áhorfandinn er hvattur til að leita að merkingu.

Ljósmyndir Sigurðar af nöktu fólki og útigangsmönnum fjalla ekki um aðstæður fólksins eða samskipti, þær eru ekki myndlíkingar fyrir neitt annað en sjálfar sig. Sigurður samdi við fólkið um að mæta í myndver og stillti því upp en gaf engin sérstök fyriræli um svip eða látbragð. Í *Posing Street People & Playing Nudes* leggur hann áherslu á óskylda heima persónanna. Útigangsmennirnir þrír og nöktu konurnar tvær mynda sjálfstæða hópa sem virðast ekki hafa nokkurt samband hvor við annan. Þeir eru til í sömu samfellu tíma og rúms en virðast vera hvor í sinum heimi og ekki vita af tilvist hins. Hér er skorturinn á samskiptum aðferð til að kynna návist persónanna.

Verkin sýna framsetningu hugarástands sem beinist algjörlega inn á við. Ekki er verið að lýsa ákveðnu viðhorfi eða tilfinningum heldur almennu ástandi hugans. Sigurður leggur sjálfur áherslu á að verk hans byggji á innsæi, list hans hefjist þar sem hugsunin endar. Hann fær sjónræna hugmynd og þróar hana í hugarum þangað til hún verður fullsköpuð sýn.

## MUTES

In his novel, *Tabúlarasa*, published in 1993, Sigurdur Gudmundsson (b. 1942) wrote about "distilled attitudes and mute essences". The title of the exhibition of Sigurdur's recent work at the Reykjavik Art Museum—Hafnarhús, is simply "Mutes". When asked about the title, Sigurdur says that he had discovered that languages are blind, they have no eyes, and that he wanted to make the case in his novel, which is in a way about an artist's dialogue with language, that the visual arts are mute, they have no mouth and no ears, just eyes.

In *Mutes*, Sigurdur revisits his early medium, photography, for the first time since 1980. The new works are large-frame analogue photographs. These are straight photographs of figures who make no concession to the photographer's presence. They may face the observer head on, but they seem oblivious to the possibility that they may be observed. It would be misleading to say that the figures are disinterested or emotionally neutral. Rather, they are turned inward, withdrawn from the world around them, and completely absorbed in contemplation, prayer or other internal activity.

To achieve this effect, Sigurdur uses hypnosis in some of his new works. In *Hypno: Balloon Flying*, a hypnotized woman stands behind a chair in her own living room. She experiences herself flying in a balloon, looking out over woods and farmland that she finds beautiful. What is presented in the picture is the woman's rapt attention. Any stimuli from the photo shoot is removed from her awareness. In two of the photographs, the figures are in a deep state of religious experience. In *Prayer* a man, who is convinced of his connection to his god through prayer, prays in front of the camera. The picture is shot when he indicates that he has gained full connection. These photographs show a straightforward presentation of an inner condition. The hypnotized individuals are in a state of obliviousness and the prayers are so rapt in their religious experience that they seem transported to a higher state of being, completely cut off from the realm of the photographer.

Two of the photographs in *Mutes* differ from the others in that an external object generates the absorption. Those are *Five Males and an Egg* and *Man-Horse-Egg*, where a naked man is shown, sitting bareback on a horse. Both the man and the horse look intently at a glowing egg. The attention to the object in both of these pictures is all-consuming, excluding everything around. These two photographs are close to Sigurdur's early photographs. The illuminated egg is evocative of some further meaning beyond its pure presence. It is not a straightforward symbol or an emblem but the beholder is encouraged to look for an allegorical meaning.

Sigurdur's photographs of nudes and street people do not deal with the figures' situations or interactions. The photographs are not metaphors for anything other than themselves. Sigurdur contracted with these individuals to appear at a photographer's studio, where he arranged the sitters but did not give them specific instructions about how they should appear. In *Posing Street People & Playing Nudes* he has wholly disparate elements coexist side-by-side in the same work. The three street people and the two nudes form self-contained groups which seem completely closed, without the slightest relationship to each other. They occupy the same time-space continuum but they seem to exist in separate worlds, unaware of the other's existence. The lack of interaction is a means to present the figures' presence.

The exhibition presents strong images of individuals. The photographs show the representation of a state of mind that is essentially inward, concentrated. It is not a particular state but an inner condition. Sigurdur himself emphasizes that his work is based on intuition. He gets a visual idea and develops it in his mind until it becomes a full-fledged vision.

Fimmtudag 13. mars, kl. 20  
Listamannsspjall  
Sigurður Guðmundsson tekur þátt í leiðsögn um sýninguna.

Fimmtudag 27. mars, kl. 20  
Sófaspjall  
Fjallað verður um ritstörf Sigurðar Guðmundssonar. Meðal þátttakenda er Pétur Blöndal sem birti ítarlegt viðtal við Sigurð í bók sinni Sköpunarsögur sem kom út fyrir síðustu jóla.

Sunnudag 13. apríl, kl. 14  
Fyrir börn og fullorðna  
Listsmíðja og leiðsögn fyrir alla fjölskylduna þar sem verk Sigurðar Guðmundssonar eru rannsökuð.

Leiðsögn í Hafnarhúsinu alla sunnudaga kl. 15.

Hafnarhúsið er opið til kl. 22 alla fimmtudaga.

Kynnið ykkur áhugaverða dagskrá á [listasafnreykjavikur.is](http://listasafnreykjavikur.is)



Opið daglega 10–17.  
Fimmtudaga til kl. 22:00

Thursday 13 March, 8 p.m.  
Artist's Talk  
Sigurður Guðmundsson joins a tour of the exhibition.

Thursday 27 March, 8 p.m.  
Open discussion about Sigurður Guðmundsson's literature. Among the participants are Pétur Blöndal, author of Sköpunarsögur, which has an in-depth interview with Sigurður Guðmundsson.

Sunday 13 April, 2 p.m.  
For children and adults in their company  
Open art workshop and guided tour for the whole family, exploring the work of Sigurður Guðmundsson.

Guided tours in English upon request.  
Contact the Education Department.

Hafnarhús is open Thursdays until 10 p.m.

Explore the programs at [listasafnreykjavikur.is](http://listasafnreykjavikur.is)

Listasafn Reykjavíkur/ Reykjavík Art Museum  
Hafnarhús  
Tryggvagata 17  
101 Reykjavík  
[www.listasafnreykjavikur.is](http://www.listasafnreykjavikur.is)  
[listasafn@reykjavik.is](mailto:listasafn@reykjavik.is)  
Sími/Tel. (+354) 590 1200

Open daily 10 a.m. – 5 p.m.  
Thursdays to 10 p.m.

